

Álitsgerð

Til: Menntamálastofnun, Víkurhvarfi 3, 203 Kópavogur

Frá: Stúdía ehf, Jóhannes H. Steingrímsson, tölvunarfræðingur HÍ

Dags: 11.04.2011

Efni: Framkvæmd samræmds könnunarprófs, 7.-9. mars 2018

1. Inngangur

Menntamálastofnun hefur beðið undirritaðan um að gefa álit sitt á fyrirlagningu samræmdra prófa dagana 7.-9. mars 2018 í kjölfar vandamála sem urðu í prófakerfinu við framkvæmd prófanna. Undirritaður hefur langa reynslu af rekstri stórra tölvukerfa og hefur unnið við hugbúnaðargerð fyrir menntageirann síðustu 18 ár.

2. Greining

Þann 16. mars 2018 var fundað með Sveinbirni Yngva Gestssyni og Andreu Önnu Guðjónsdóttur starfsmönnum Menntamálastofnunar og farið yfir vinnulag og upplifun þeirra af framkvæmdinni. Eftir að hafa farið yfir gögn MMS varðandi fyrirlögnina og samskipti við hugbúnaðaraðila var það niðurstaða mín að kanna:

Hvort tölvuumhverfi fyrirlagnarinnar væri eins og MMS hefði samið um.

Skýjalausnir eins og þessar eiga að geta brugðist við göllum í tölvukerfum eins og minnislekum og aukaálagi en það var því ekki í samræmi við upplifun MMS.

Hvort hugbúnaðaraðili gæti boðið upp á varaleiðir.

Prófakerfi eru af ýmsum gerðum og stærðum og sumar lausnir geta boðið upp á varaleiðir. Einnig er hægt að loka á prófakerfið með svokölluðum DNS árásum.

Hvort bilanagreining þeirra væri í samræmi við upplifun MMS.

Bilanagreiningar og prófanir sem MMS voru sýndar voru ekki sérstaklega sniðnar að innskráningunni.

Hvernig hegðun tölvukerfisins gat verið með þessum hætti í þessari fyrirlögn.

Hegðun kerfisins var eins og kerfið væri bilað eða um galla væri að ræða.

Hegðunin var það óvenjuleg að venjulegar útskýringar áttu ekki við.

3. Úrvinnsla

Að samkomulagi varð að halda netfund þann 28. mars með undirrituðum og Assessment Systems. Þar var staðfest að MMS er eini notandi Assessment Systems að skýjaþjónustu Amason á Írland og fullyrt að uppfærsla væri á milli þess miðlara og þeirra í Ameríku. MMS standa til boða ýmsar leiðir í að setja upp varaleiðir en illa gekk að ræða það á fundinum; það

var staðfest seinna í tölvupósti. MMS verður boðið upp á útfærslur fyrir varaleiðum næst þegar Assessment Systems kemur í heimsókn.

Þegar farið var yfir bilanagreininguna tóku þeir undir það að hún væri á heildarprófinu en þeir vissu að villan var í innskráningunni. Eftir að hafa farið yfir algengustu mistök forritara og það hvernig slík hegðun kæmi fram viðurkenndu þeir að innskráningin hefði verið verulega gölluð og lagfæring þeirra þann 8. mars hefði gert hlutina verri.

Í stuttu máli þá voru þeir með aðgerð sem sótti nafn og kennitölu að innskráningu lokinni. Eftir hana tók við aðgerð með þungri vinnslu en strax á eftir var síðan aftur kallað á aðgerðina sem sótti nafn og kennitölu. Það voru misstök forritarans. Villuleitin 7. og 8. mars snerist um þessa þungu aðgerð sem var á milli aðgerðarinnar sem sótti nafn og kennitölu.

Um morguninn 9. mars sáu þeir þessi mistök að kallað var á aðgerðina tvisvar sinnum með þeim afleiðingum að svokallað „dead lock“ kom fram í gagnagrunni við innskráninguna. Þessi skýring er trúverðug í ljósi upplifunar MMS og hefur það nú verið lagað, þessi þunga aðgerð hefur verið færð til og einfölduð. Loks kom fram að kerfið hefur verið keyrt í Abu Dhabi með 20.000 nemendum sem gekk vel.

4. Niðurstaða

Hvað MMS varðar þá er það til fyrirmyndar hvernig stofnunin stendur að utanumhaldi á könnunarprófinu. Kynningar og eftirfylgni með verkefninu eru metnaðarfullar og bera greinilega árangur. Gott hefði samt verið að sjá varaleið, eina eða fleiri, sem skólarnir hefðu getað skipt yfir á í þessu tilfalli. Ef sú leið eða leiðir hefðu heldur ekki verið í lagi hefði átt að vera í verklagi að bíða í ákveðinn tíma, 30 eða 60 mínútur, og ef það dugði ekki heldur þá mátti gefa út tilkynningu um frestun eins og nú var gert.

Niðurstaðan er sú að þetta hafi verið klaufalegt atvik hjá Assessment Systems, eins og fyrirtækið hefur viðurkennt og jafnframt beðist afsökunar á. Svör voru heiðarleg og fullvissa gefin fyrir því að svona lagað myndi ekki koma fyrir aftur. Mistök geta átt sér stað en hér hefðu þau átt að greinast strax eftir könnunarprófið 7. mars en eldri útgáfa var keyrð af miðlaranum þann 8 mars. Að lokinni greiningarvinnu þann 8. mars var aftur gerð breyting sem varð til þess að kerfið varð verra þann 9. mars. Hugbúnaðaraðilinn stóð vaktina þann 9. mars þó að þetta væri um miðja nótt að þeirra tíma og leysti málið á 40 mínútum eftir að prófið fór í gang. En það var ekki nóg þar sem búið var að aflýsa prófinu hér á Íslandi.

Virðingarfyllt

Jóhannes H. Steingrímsson